

57. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 14. apríl 2004 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn, skólastjórar og fulltrúar foreldra og starfsfólks.

1. Skýrslur skólastjóra.

a) Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

3 vikur eru eftir að hefðbundnum skólatíma hjá 10. bekk og framhaldi og unnið að því þessa dagana að skerpa línurnar og klára lokaspætt fyrir samræmd próf 10. bekkinga. Samræmdu prófin eru í byrjun maí og framhaldsdeildarprófin einnig. Skólaslit grunnskólans verða 28. maí. 10. bekkjar nemum verður boðið upp á skyndihjálparnámskeið og starfsþjálfun að loknum prófum og fram að skólalokum.

Undirbúningur fyrir dagana eftir próf hjá öðrum grunnskólanemum er einnig kominn í gang.

Undirbúningsstarfi fyrir næsta skólaár miðar vel og er tillaga stjórnenda að skóladagatali fyrir næsta skólaár tilbúin. Nokkrir kennarar við grunnskólann hafa sótt um stöðu við Fjölbrautaskóla Snæfellinga og munu þau mál skýrast á næstunni.

Unnið hefur verið að skólanámsskrá og lýkur þeirri vinnu á næstu vikum og áætlað er að skólanámsskráin verði klár á tölvutæku formi í upphafi næsta skólaárs.

Gunnar greindi frá ánægju sinni með það að 300.000 króna styrkur fékkst frá þróunarsjóði grunnskóla til samstarfsverkefnis grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla sem hefur verið í gangi hér og munu skólastjórnendur skoða í sameiningu hvernig nýting þessa fjármagns verður.

Fyrirspurn kom fram um hvort vitað sé hve stór hluti af okkar 10. bekkjar nemendum ætli sér að sækja nám við Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Skólastjóri svaraði því til að þau mál skýrist vonandi á næstu vikum, jákvæði hópurinn fari ört stækkandi.

Fyrirspurn kom fram um starfsdag sem var í febrúar og endaði á skemmtiferð starfsfólks hvort hann hefði ekki líka verið nýttur til vinnu við skólastarfið. Skólastjóri svaraði því til að svo hefði verið, dagurinn hefði verið starfsdagur og enduðu hann á hópefli og skemmtun.

Skólastjóri greindi einnig stuttlega frá menningarferð 5. bekkjar og skíðaferð 7. og 8. bekkjar og að þær hefðu gengið vel fyrir sig.

b) Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

Sigrún tók undir orð Gunnars með ánægju um veittan styrk, en verkefnið fékk einnig styrk á síðasta ári. Verkefnið hefur verið í föstum skorðum í vetur. Fyrri

styrkur var meðal annars nýttur til hljóðfærakaupa og annarra hluta í tengslum við verkefnið.

Leiksýning frá Möguleikhúsinu sem er sérhönnuð fyrir yngstu nemendurna verður í Leikskólanum á morgun en koma leikhússins er orðinn nokkuð fastur liður í skólastarfinu.

Starfsemin er annars í föstum skorðum og engar uppsagnir á vistunarplássi eru farnar að berast enda er skipulagt skólastarf í gangi fram á sumar. Fyrirséð er hinsvegar að breytingar á deildum og fleiru verða með haustinu.

Námskeiðsdagur verður föstudaginn 23. apríl nk. þegar starfsfólkið fer í náms- og kynnisferð til Skotlands en undirbúningsvinna hefur staðið í meira en ár. Dreifði Sigrún ferðatilhögun starfsfólksins sem hefst með skoðun leikskóla í Keflavík á miðvikudagskvöldið 21. apríl.

Sigrún greindi frá því að starfsfólk leikskólans hefur fengið að taka mikinn þátt í undirbúningsvinnu vegna byggingar nýs leikskóla og lýsti hún ánægju sinni með þá vinnu en hún fór með undirbúningsnefndinni í skoðunarferð í fjóra leikskóla í síðustu viku.

Fyrirspurn kom fram um á hvaða stigi undirbúningsvinna vegna byggingar leikskóla er. Sigrún greindi frá stöðu mála og skoðunarferðinni.

Skólastjóri grunnskóla óskaði starfsfólki leikskólans góðrar ferðar og ítrekaði að styrkurinn frá þróunarsjóði grunnskóla eigi að nýtast samstarfsverkefninu í heild þó hann sé stílaður á grunnskólann sem slíkan. Tók einnig fram að gera þarf þetta samstarfsverkefni sýnilegra út á við og koma því á framfæri sem vel er gert hér.

2. Önnur mál.

- a) Formaður fékk fyrirspurn um ábyrgð kennara sem fyrirmynd í frítíma. Umræður spunnust um málið þar sem fram komu ýmis sjónarmið og almennt talið að kennarar séu sterkar fyrirmyndir.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:15.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari.

Björn Sverrisson, (sign.),
Egill V. Benediktsson (sign.),
Erna Guðmundsdóttir (sign.),
Katrín Gísladóttir (sign.),
Ingibjörg Benediktsdóttir (sign.),
Ólöf Edda Steinarsdóttir (sign.),

Halla Dís Hallfreðsdóttir (sign.),
Gunnar Svanlaugsson (sign.),
Sigurborg Sturludóttir (sign.),
Ingveldur Eypórsdóttir (sign.),
Linda S. Sigurðardóttir (sign.),
Sigrún Þórsteinsdóttir (sign.).

Íhs.